

## Fundargerð

Samstarfsnefnd Félags sjúkraþjálfara og Landspítala.

Dags: 24. janúar 2024

### Fundaraðilar:

F.h. Félags sjúkraþjálfara: Gunnlaugur Briem, Halldóra Eyjólfsdóttir

F.h. Landspítala: Atli Atlason, Sóley Stefánsdóttir

Uppfærður stofnanasamningur undirritaður.

Aðilar eru sammála um að með undirritun þessa stofnanasamnings sé niðurstöðum undirhóps vegna útfærslu dagsett 13. desember 2023 á áfangasamkomulags 7.gr. um jöfnun launa á milli markaða“ frá 23. mars 2023 mætt. Ef endurskoðun verður gerð á umræddu samkomulagi er varðar röðun miðað við kröfur til starfsréttinda eru aðilar sammála um innleiðingu þess afturvirk, fylgi fjármagn slíkri framkvæmd frá fjármálaráðuneyti eða úr miðlægum kjarasamningi.

#### I. Breyting á stofnanasamningi:

##### a. Grunnröðun eftirfarandi starfa taki breytingum sbr. töflu:

M.V. 5 ára nám	LSH			
	VAR		VERÐUR	
Starfsheiti	Grunnlaunaflokkur	Starfsaldursviðmið	Grunnlaunaflokkur	Starfsaldursviðmið
Sjúkraþjálfari A	9	0 - 12 mánuðir	100	óbreytt
Sjúkraþjálfari B	10	12 - 24 mánuðir	110	óbreytt
Sjúkraþjálfari C	11	eftir 2 ár	111	óbreytt
Sjúkraþjálfari D	12,12-1 til 13	eftir 5 ár	óbreytt	óbreytt
Sjúkraþjálfari E	14	-	óbreytt	óbreytt

Í ljósi þess að starfsaldursviðmið hafa ekki verið útfærð í stofnanasamningi hingað til, hafa aðilar náð samkomulagi um eftirfarandi útfærslu í uppfærðum stofnanasamningi:

#### 4 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Starfaflokkur	Launaf. á bili
Sjúkraþjálfari A .....	090
Sjúkraþjálfari B .....	100
Sjúkraþjálfari C .....	10-1
Sjúkraþjálfari D .....	110, 11-1, 120
Sjúkraþjálfari E.....	130
Sérfræðingur í sjúkraþjálfun .....	xxx

Framangreind röðun miðast við 240 ECTS grunnnám sjúkraþjálfara sem sækja starfsleyfi sitt samkvæmt því eða hafa hlotið starfsleyfi frá Embætti landlæknis. Sjúkraþjálfarar sem sækja starfsleyfi samkvæmt 300 ECTS eininga grunnnámi raðast 1 launaflokki hærra.

Laun taka breytingum frá gildistöku samnings. Stefnt er að því að fyrsta launaútborgun samkvæmt samningi þessum verði 1. febrúar 2024.

II. Afturvirkni launahækkana

Vegna tímabilsins 1. september 2023 – 31. desember 2023 eru aðilar sammála um að framkvæma afturvirkar launahækkanir skv. Uppfærðum stofnanasamningi með eingreiðslu sem verður reiknuð út fyrir framangreint tímabil. Eingreiðslan reiknast vegna mánaðarlauna frá 1. september – 31. desember 2023 og vegna breytilegra launa fyrir tímabilið 1. september – 15. desember 2023. Breytileg laun vegna 16. desember – 31. desember greiðast með launum 1. febrúar 2024.

Eingreiðslur samkvæmt framan rituðu koma til greiðslu 1. febrúar 2024.

Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið.

f.h. Landspítala

f.h. Félags sjúkráþjálfara

## Undirritunarsíða

Fh. Félags sjúkráðgjafara  
Gunnlaugur Már Briem

Fh. Félags sjúkráðgjafara  
Halldóra Eyjólfsdóttir

Fh. Landspítala  
Atli Atlason

Fh. Landspítala  
Sóley Snædís Stefánsdóttir